

Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 199/1992.

Árni Ragnarsson

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Áningu, ferðapjónustu hf.,

(Sigurmar K. Albertsson hrl.) **og**

Garðari Hauki Steingrímssyni

(Björn Jónsson hdl.)

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

og

Garðar Haukur Steingrímsson

gegn

Árna Ragnarssyni

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1992. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndu Áningu, ferðapjónustu hf., verði gert að greiða sér 5.692.600 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 15. júní 1989 til 15. maí 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að stefnda Garðari Hauki Steingrímssyni verði gert að greiða sér sömu fjárhæð og tilgreind er í aðalkröfu ásamt vöxtum og málskostnaði eins og þar greinir. Til þrautavara krefst hann þess, að stefnda Áning, ferðapjónusta hf., og aðaláfrýjandi verði látin bera hvort sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti, verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1992. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að dómkröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Áning, ferðapjónusta hf., krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigríður J. Friðjónsdóttir setudómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm bæjarþings Sauðárkróks.

Aðaláfrýjandi varð fyrir slysi um borð í báti gagnáfrýjanda, Gammi, SK-55, hinn 15. júní 1989 á leið frá Drangey til Sauðárkróks. Gagnáfrýjandi var skipstjóri á bátnum, og auk hans voru tólf manns um borð. Gammur, SK-55, hafði lítinn léttbát í togi, og var gagnáfrýjandi að lengja í dráttartauginni með aðstoð aðaláfrýjanda, þegar léttbátnum hvolfdi skyndilega. Við það strekktist á tauginni, og klemmdist aðaláfrýjandi með þeim afleiðingum, að hann missti framan af þremur fingrum vinstri handar.

Sjópróf fóru ekki fram vegna slyss þessa, og það var ekki tilkynnt rannsóknarnefnd sjóslysa, sem fékk upplýsingar um það við árlega skoðun á tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins um slys á sjó. Afgreiðsla nefndarinnar á málinu var á þann veg, „að orsök slyss þessa sé að skipstjóri var einn í áhöfninni og var að reyna að lengja í dráttartaug jullu sem hann var með í togi án þess að stöðva siglingu bátsins“. Nefndarálit þetta er eina sérfræðialítið, sem fyrir liggur í málinu, og um það hefur ekki verið fjallað af sérfróðum mönnum. Eins og hér háttaði til, bar nauðsyn til þess, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem þá voru í gildi, sbr. nú 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt framan-sögðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með aðalflutningi 9. janúar 1992 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 9. janúar 1992 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.